

Ár 2008, miðvikudaginn 27. ágúst, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Hvort ákveða skuli almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra annarra en skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands

I.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal ráðið taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til. Á árinu hefur verið samið um laun og starfskjör bæði á almennum vinnumarkaði og við opinbera starfsmenn. Ber því samkvæmt 10. gr. laganna að kanna hvort tilefni sé til breytinga á launum þeirra sem undir kjararáð heyra. Þar sem launakjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands eru nú til sérstakrar skoðunar nær ákvörðun þessi ekki til þeirra.

II.

Almennir kjarasamningar runnu flestir út um síðustu áramót, en kjarasamningar ríkisstarfsmanna runnu út snemma á árinu. Í samningum aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins var sérstök áhersla lögð á að hækka launataxta og bæta lægstu laun á vinnumarkaði umfram aðra. Það var yfirleitt gert með því að almennir launataxtar hækkuðu um 18.000 krónur á mánuði en taxtar iðnaðarmanna og skrifstofufólks um 21.000 krónur á mánuði. Samningar við ríkisstarfsmenn fólu í flestum tilvikum í sér 20.300 króna hækkun grunnlauna. Þetta leiddi að mati samningsaðila til allmikillar hlutfallslegrar hækkunar lægstu launa. Auk þessarar meginniðurstöðu samninganna var samið um mismunandi atriði til mismunandi hópa. Samið var um bætt réttindi launafólks bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, svo sem aukinn rétt vegna veikinda barna, orlof, sí- og endurmenntun, hærra framlag í sameiginlega sjóði, þar á meðal sjúkrasjóð eða fjölskyldu- og styrktarsjóð, auk greiðslu í nýjan sjóð, Endurhæfingarsjóð. Nokkrar stéttir hafa samið öðruvísi en að ofan greinir.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að við úrlausn mála skuli ráðið gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Samkvæmt því sem að ofan er lýst, er nú tilefni til breytinga á launum þeirra sem heyra undir kjararáð.

Niðurstaða kjararáðs er að fylgja þeirri megin stefnu sem fylgt hefur verið í kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu. Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

IV.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til hækka um 20.300 krónur 1. maí 2008.

Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6,171 króna.

Ákvörðun þessi nær ekki til skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir